STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2003

3. júlí 2003 1689 Nr. 529

AUGLÝSING

um fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alcoa Inc. og Fjarðaáls sf. og Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.

Hinn 15. mars 2003 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcoa Inc. og Fjarðaáls sf. og Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf., um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 12/2003 um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði og 16. gr. framangreinds fjárfestingarsamnings skal samningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðinda á íslensku og ensku og er hann fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 3. júlí 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

Fylgiskjal.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR milli ríkisstjórnar Íslands og Alcoa Inc. og Fjarðaáls sf. og Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR gerður hinn 15. dag marsmánaðar 2003

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“), sem iðnaðarráðherra kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

og

ALCOA INC. (hér eftir nefnt „Alcoa“), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Pennsylvaníuríkis í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og hefur höfuðstöðvar sínar í Pittsburg, Pennsylvaníu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, í öðru lagi,

og

FJARÐAÁLS SF., sem er sameignarfélag stofnað samkvæmt íslenskum lögum og hefur höfuðstöðvar í sveitarfélaginu Fjarðabyggð, Íslandi, í þriðja lagi,

INVESTMENT AGREEMENT among The Government of Iceland and Alcoa Inc. and Fjarðaál sf. and Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf.

INVESTMENT AGREEMENT made as of the 15th day of March 2003

among

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the "Government"), represented by its Minister of Industry of the First Part,

and

ALCOA INC. (hereinafter referred to as "Alcoa"), a company organized and operated under the laws of the Commonwealth of Pennsylvania, USA, and having its principal location in Pittsburgh, Pennsylvania, USA, of the Second Part,

and

FJARÐAÁL SF., a partnership formed under the laws of Iceland and having its principal location in the Township of Fjarðabyggð, Iceland, of the Third Part,

og

ALCOA Á ÍSLANDI EHF., sem er einkahlutafélag stofnað og skráð skv. íslenskum lögum og hefur höfuðstöðvar á Íslandi, í fjórða lagi,

og

REYÐARÁLS EHF., sem er einkahlutafélag stofnað og skráð skv. íslenskum lögum og hefur höfuðstöðvar á Íslandi, í fimmta lagi.

MEÐ ÞVÍ AÐ í sérstöku skjali, undir yfirskriftinni „viljayfirlýsing", sem undirritað var og dagsett 19. júlí 2002 settu ríkisstjórnin, Landsvirkjun (svo sem hún er skilgreind hér á eftir) og Alcoa fram grundvallarsamkomulag sitt um mat og hugsanlega framkvæmd iðnaðarverkefnis sem felst í byggingu álvers á Austurlandi;

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórnin hefur áhuga á að greiða fyrir stofnun verksmiðjunnar (svo sem hún er skilgreind hér á eftir) og nýta þannig vatns- og jarðvarmaorku landsins og auka með því fjölbreytni í efnahagslífi þjóðarinnar;

MEÐ ÞVÍ AÐ Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. eru dótturfélög sem alfarið eru í eigu Alcoa (svo sem það er skilgreint hér á eftir) og eru hvort um sig skráð og starfrækt á Íslandi í þeim tilgangi að eiga og fjármagna sameignarfélagið Fjarðaál sf. sem er að níutíu og níu hundraðshlutum (99%) í eigu Alcoa á Íslandi ehf. og einum hundraðshluta (1%) í eigu Reyðaráls ehf.;

MEÐ ÞVÍ AÐ Fjarðaál sf. var stofnað af Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráli ehf. í þeim tilgangi að þróa, byggja og reka í Reyðarfirði í Fjarðabyggð á Íslandi, álverksmiðju með árlega framleiðslugetu allt að 322.000 tonnum af vörum úr hrááli samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem m.a. eru sett fram í verkefnissamningunum (svo sem það hugtak er skilgreint hér á eftir) og halda uppi slíkri framleiðslu og tengdri starfsemi með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 2007;

MEÐ ÞVÍ AÐ Alcoa hefur tekið þátt í samningaviðræðum um samning þennan fyrir hönd Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf., og undirritar samning þennan til viðurkenningar og staðfestingar á skyldum þessara aðila samkvæmt samningnum;

MEÐ ÞVÍ AÐ Alþingi (svo sem það er skilgreint

and

ALCOA Á ÍSLANDI EHF., a private limited company, established and registered under the laws of Iceland and having its principal location in Iceland, of the Fourth Part,

and

REYÐARÁL EHF., a private limited company, established and registered under the laws of Iceland and having its principal location in Iceland, of the Fifth Part.

WHEREAS in a separate document called Memorandum Of Understanding, signed and dated July 19, 2002, the Government, Landsvirkjun (as hereinafter defined) and Alcoa set forth their basic understanding regarding the evaluation and potential implementation of an industrial project involving the development of an aluminum reduction plant in eastern Iceland;

WHEREAS the Government is interested in facilitating the establishment of the Plant (as hereinafter defined) and thus making use of the hydroelectric and geothermal energy resources of the country and contributing to the diversification in the national economy;

WHEREAS Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf. are wholly-owned subsidiaries of Alcoa, each operating and registered in Iceland for the purpose of owning and financing the partnership company Fjarðaál sf., with Alcoa á Íslandi ehf. owning ninety-nine percent (99%) of Fjarðaál sf. and Reyðarál hf. owning one percent (1%) of Fjarðaál sf.;

WHEREAS Fjarðaál sf. was established by Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf. for the purpose of developing, constructing and operating an aluminum plant in Reyðarfjörður in the Township of Fjarðabyggð, Iceland, with an annual production capacity of up to 322,000 metric tonnes of primary aluminum products in accordance with the terms and conditions of, inter alia, the Project Agreements (as hereinafter defined) and carrying on such production and related business, with the aim to commence production in 2007;

WHEREAS Alcoa has participated in the negotiation of this Agreement on behalf of Fjarðaál sf., Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf., and is executing this Agreement to acknowledge and affirm the obligations of those entities undertaken hereunder;

WHEREAS by the Enabling Act (as hereinafter

hér á eftir) hefur með heimildarlögunum (svo sem þau eru skilgreind hér á eftir) heimilað stofnun verksmiðjunnar, sett tilteknar reglur og veitt Fjarðaáli sf. og sameigendum þess (svo sem þeir eru skilgreindir hér á eftir) tilteknar undanþágur varðandi skipulag og starfsemi verksmiðjunnar og heimilað ríkisstjórninni að gera samning þennan þar sem nánar er kveðið á um frekari skilmála slíkrar stofnunar og frekari skilyrði og undanþágur er við eiga um byggingu og starfrækslu slíkrar verksmiðju;

MEÐ ÞVÍ AÐ Landsvirkjun (svo sem hún er skilgreind hér á eftir) er reiðubúin til að láta í té það rafmagn sem nauðsynlegt er til þess að starfrækja verksmiðjuna og nauðsynlegan búnað við höfnina (svo sem hún er skilgreind hér á eftir);

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkissjóður (svo sem hann er skilgreindur hér á eftir) hefur látið í té lóð undir verksmiðjuna;

MEÐ ÞVÍ AÐ hafnarsjóður (svo sem hann er skilgreindur hér á eftir) er reiðubúinn að tryggja Fjarðaáli sf. nauðsynlegan aðgang að höfn og hafnarmannvirkjum í Reyðarfirði.

SAMÞYKKJA ÞVÍ ríkisstjórnin, Alcoa, Fjarðaál sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. (hér eftir hvert um sig nefnt „aðili", en sameiginlega „aðilar") hér með að formáli samnings þessa sé óaðskiljanlegur hluti hans og gera ennfremur með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Skilgreiningar og túlkun.

1.1. Alls staðar þar sem þau koma fyrir í samningi þessum, skulu eftirfarandi heiti hafa þá merkingu sem tilgreind er hér á eftir:

a) „Alcoa" merkir Alcoa Inc., fyrirtæki í Pennsylvaníuríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

b) „Fyrirtæki í eignartengslum við Alcoa" merkir sérhvern aðila sem lýtur, beint eða óbeint, yfirráðum Alcoa og skráður er í ríki innan OECD, þ.m.t. sameigendurna. Í samningi þessum merkir „yfirráð" yfir aðila eignaraðild að meira en 50% af útistandandi hlutafé (öðrum hlutabréfum en eigin hlutabréfum félagsins) eða sambærilega hlutdeild sem veitir atkvæðisrétt hjá viðkomandi aðila eða aðra möguleika til að stýra rekstri slíks aðila.

defined), the Alþingi (as hereinafter defined) has authorized the establishment of the Plant, laid down certain rules and granted Fjarðaál sf. and its Partners (as hereinafter defined) certain exceptions in respect of the organization and activities of the Plant and has authorized the Government to enter into this Agreement providing for the further terms of such establishment and the further conditions and exceptions applicable to the construction and operation of such a plant;

WHEREAS Landsvirkjun (as hereinafter defined) is prepared to supply the power necessary for the operation of the Plant and necessary installations at the Harbour (as hereinafter defined);

WHEREAS the Treasury (as hereinafter defined) has provided a site for the Plant;

WHEREAS the Harbour Fund (as hereinafter defined) is prepared to secure to Fjarðaál sf. necessary access to a harbour and port facilities in Reyðarfjörður.

NOW THEREFORE the Government, Alcoa, Fjarðaál sf., Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf. (hereinafter referred to individually as "Party" and collectively as the "Parties") hereby agree that the preamble to this Agreement shall form an integral part of the Agreement and further agree as follows:

Article 1

Definitions and Interpretation

Section 1.1. Wherever the same shall appear on this Agreement, the following terms shall have the respective meanings indicated below;

a) "Alcoa" shall mean Alcoa Inc., a Pennsylvania, USA corporation.

b) "Alcoa Affiliate" shall mean any entity controlled, directly or indirectly, by Alcoa and incorporated in an OECD country, including the Partners. For the purposes of this Agreement, "control" of an entity means ownership of more than 50% of the outstanding shares or equivalent interest entitled to vote in such entity, or otherwise having the ability to direct the operations of such entity.

c) „Alþingi“ merkir löggjafarsamkomu lýðveldisins Íslands.

d) „Bankar“ merkir þá fjármálastofnun/þær fjármálastofnanir sem útvega fjármagn til verkefnisins, ef um þær er að ræða.

e) „Heimildarlögin“ merkir lög frá Alþingi nr. 12/2003, sem vísað er til í formála samningsins.

f) „Starfsleyfi“ merkir leyfi sem Fjarðaáli sf. verður veitt samkvæmt lögum er gilda um umhverfiseftirlit að því er varðar starfrækslu verksmiðjunnar og mannvirkja Fjarðaáls sf. við höfnina og hvers kyns endurnýjun eða framlengingu þess.

g) „Ríkisstjórnin“ merkir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ásamt öllum ráðuneytum hennar og stofnunum.

h) „Höfnin“ merkir höfnina og tilheyrandi mannvirki, sem liggja að verksmiðjunni að Mjóeyri og starfrækt eru af hafnarsjóði.

i) „Hafnarsamningurinn“ merkir samninginn milli Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og Fjarðaáls sf. þar sem tryggður er aðgangur hins síðarnefnda að höfninni.

j) „Hafnarsvæðið“ merkir höfnina og landsvæðið að Mjóeyri þar sem hafnarmannvirkin (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum) verða staðsett, svo sem nánar er skilgreint í hafnarsamningnum og merkt inn á lóðarkortið.

k) „Hafnarsjóður“ merkir sjálfstæðan opinberan sjóð sem starfar í Fjarðabyggð og er í eigu sveitarfélagsins Fjarðabyggðar.

l) „Upphaflegur gildistími hefur þá merkingu sem fram kemur í 2. mgr. 20 gr. [20. gr.] samnings þessa.

m) „Fjárfestingarsamningurinn“ eða „samningurinn“ merkir samning þennan.

n) „Landsvirkjun“ merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 42/1983 með höfuðstöðvar í Reykjavík á Íslandi.

o) „Sameigendurnir“ merkir Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf., svo og öll fyrirtæki í eignartengslum við Alcoa

c) "Alþingi" shall mean the legislative body of the Republic of Iceland.

d) "Banks" shall mean the financial institution(s) providing financing for the Project, if any.

e) "Enabling Act" shall mean the Act of the Alþingi No. 12/2003, to which reference is made in the Preamble hereto.

f) "Environmental Operating Licence" shall mean the licence to be granted to Fjarðaál sf. under the legislation applicable to environmental control in respect of the operation of the Plant and Fjarðaál sf. facilities at the Harbour and any renewal or extension thereof.

g) "Government" shall mean the Government of the Republic of Iceland, including its ministries and agencies.

h) "Harbour" shall mean the harbour and appurtenant facilities adjacent to the Plant at Mjóeyri operated by the Harbour Fund.

i) "Harbour Agreement" shall mean the agreement between the Harbour Fund of Fjarðabyggð and Fjarðaál sf. securing its access to the Harbour.

j) "Harbour Area" shall mean the Harbour and the area of land at Mjóeyri on which the Port Facilities (as defined in the Harbour Agreement) are to be located, as more particularly defined in the Harbour Agreement and outlined on the Site Map.

k) "Harbour Fund" shall mean an independent public fund operating in Fjarðabyggð and owned by the Township of Fjarðabyggð.

l) "Initial Term" shall have the meaning set out in Section 20.2. of this Agreement.

m) "Investment Agreement" or "Agreement" shall mean this Agreement.

n) "Landsvirkjun" shall mean The National Power Company, an independent company organized and operated under Act of the Alþingi No. 42/1983, whose principal office is located in the City of Reykjavík, Iceland.

o) "Partners" shall mean Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf., as well as any Alcoa Affiliate which may subsequent-

sem síðar kunna að eignast hlutdeildir þeirra, hvors um sig, í Fjarðaáli sf.

p) „Umsaminn afhendingardagur rafmagns“ merkir 1. október 2007 eða þann dag annan (a) sem tilgreindur er í stað þeirrar dagsetningar með gagnkvæmu skriflegu samkomulagi milli Landsvirkjunar og Fjarðaáls sf., eða (b) sem ákveðinn er vegna frestunar samkvæmt skýlausum ákvæðum verkefnissamninganna.

q) „Verksmiðjan“ merkir álverksmiðjuna, málmsteypuna og öll önnur mannvirki sem tilheyra verksmiðjunni sem ætlunin er að Fjarðaál sf. byggi, eigi og reki í Reyðarfirði í sveitarfélaginu Fjarðabyggð, í þeirri mynd og með þeim búnaði sem verksmiðjan er búin hverju sinni, með árlegri framleiðslugetu allt að 322.000 tonnum af hráálsvörum.

r) „Rafmagnssamningur“ merkir samninginn milli Landsvirkjunar og Fjarðaáls sf. þar sem kveðið er á um afhendingu rafmagns til verksmiðjunnar og tilheyrandi mannvirkja á hafnarsvæðinu.

s) „Verkefnið“ merkir skipulagningu, hönnun, byggingu, útbúnað, töku í notkun, starfrækslu og viðhald verksmiðjunnar.

t) „Verkefnissamningarnir“ merkir þennan samning, hafnarsamninginn, lóðarsamninginn og rafmagnssamninginn.

u) „Lóð“ merkir landsvæði að Mjóeyri sem samsett er úr landspildum frá býlunum Sómastaðagerði, Sómastöðum og Hrauni þar sem verksmiðjan verður staðsett, eins og nánar er skilgreint og merkt inn á lóðarkortið, svo og viðbótarlandspildu frá býlinu Flateyri, sem einnig er merkt inn á kortið.

v) „Lóðarsamningur“ merkir samninginn milli Fjarðaáls sf. og ríkissjóðs, þar sem kveðið er á um lóð undir verksmiðjuna.

w) „Lóðarkort“ merkir kort ásamt skýringum og lóðarmörkum, sem fylgir lóðarsamningnum og sýnir afstöðu verksmiðjunnar og hafnarinnar ásamt mörkum lóðarinnar og hafnarsvæðisins.

ly succeed to their respective interests in Fjarðaál sf.

p) "Permanent Delivery Date" shall mean October 1, 2007, or such other date (a) as specified in lieu thereof by mutual agreement in writing between Landsvirkjun and Fjarðaál sf., or (b) as established by reason of postponement pursuant to the express provisions of the Project Agreements.

q) "Plant" shall mean the aluminum reduction plant, casthouse and all other facilities appurtenant to the plant to be constructed, owned and operated by Fjarðaál sf. in Reyðarfjörður in the Township of Fjarðabyggð, Iceland, as the same shall be constituted and equipped at any particular time, having an annual production capacity of up to 322,000 metric tonnes of primary aluminum products.

r) "Power Contract" shall mean the agreement between Landsvirkjun and Fjarðaál sf. providing for the supply of power for the Plant and its facilities in the Harbour Area.

s) "Project" shall mean the planning, designing, constructing, equipping, commissioning, operating and maintaining of the Plant.

t) "Project Agreements" shall mean this Agreement, the Harbour Agreement, the Site Agreement and the Power Contract.

u) "Site" shall mean the area of land in Mjóeyri consisting of tracts of land from the farmlands of Sómastaðagerði, Sómastaðir and Hraun on which the Plant is to be located, as more particularly defined and outlined on the Site Map, and an additional tract of land situated in the farmland Flateyri, also outlined on the Site Map.

v) "Site Agreement" shall mean the agreement between Fjarðaál sf. and the Treasury providing for a site for the Plant.

w) "Site Map" shall mean a map together with explanatory notes and boundary measurements attached to the Site Agreement, where the general layout of the Plant and Harbour as well as the boundaries of the Site and Harbour Area is shown.

x) „Sveitarfélag“ merkir sveitarfélagið Fjarðabyggð á Íslandi.
y) „Ríkissjóður“ merkir ríkissjóð Íslands.

1.2. Krefjist samhengi ekki annars, gildir eftirfarandi í samningi þessum:
a) Fyrirsagnir eru einungis til hagræðis og hafa ekki áhrif á túlkun samningsins;
b) eintala jafngildir fleirtölu og öfugt;
c) tilvísun til persónu tekur til fyrirtækis, sameignarfélags, sjóðs, sameiginlegs fyrirtækis, samtaka, félags eða annarrar lögpersónu og hvers kyns opinbers yfirvalds eða stofnunar;
d) tilvísun til greinar, málsgreinar eða viðauka er tilvísun til viðkomandi greinar, málsgreinar í samningi þessum eða viðauka við hann;
e) tilvísun til skjals tekur til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað eða endurnýjunar skjalsins, en tekur ekki til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals sem kemur í þess stað eða endurnýjunar skjalsins sem gert er í bága við samning þennan; og
f) tilvísun til aðila að skjali tekur einnig til aðila sem taka við af honum og heimilaðra framsals- og afsalshafa.

2. gr.
Uppbygging, tilgangur og undanþágur.

2.1. Sameigendurnir hafa stofnað og skráð Fjarðaál sf. á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum og svo sem frekar er kveðið á um í samningi þessum.

2.2. Tilgangur Fjarðaáls sf. skal vera að framkvæma verkefnið í Reyðarfirði til framleiðslu á hrááli og vörum úr hrááli og til að hafa með höndum slíka framleiðslu og skylda starfsemi í samræmi við sameignarfélagssamning Fjarðaáls sf.

2.3. Tilgangur sameigendanna skal vera að eiga sameignarfélagið Fjarðaál sf. Sameigendurnir tveir, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf., skulu hafa aðsetur og vera skráðir á Íslandi og mega ekki á gildistíma samnings þessa eða framlengingartíma hans, starfrækja eða taka þátt í öðrum rekstri eða starfsemi án samþykkis ríkisstjórnarinnar.

x) "Township" shall mean the Township of Fjarðabyggð, Iceland.
y) "Treasury" shall mean the State Treasury of Iceland.

Section 1.2. In this Agreement, unless the context otherwise requires:
a) headings are for convenience only and do not affect the interpretation of this Agreement;
b) the singular includes the plural and vice versa;
c) a reference to a person includes any company, partnership, trust, joint venture, association, corporation, or other body corporate and any governmental authority or agency;
d) a reference to an Article, Section or Annex is a reference to that Article or Section of or Annex to this Agreement;
e) a reference to a document includes an amendment or supplement to, or replacement or novation of, that document but disregarding any amendment, supplement, replacement or novation made in breach of this Agreement; and
f) a reference to a party to any document includes that party's successors and permitted transferees and assigns.

Article 2
Structure, Purpose and Exemptions

Section 2.1. The Partners have organized and registered Fjarðaál sf. in Iceland in accordance with Icelandic law and as further stipulated in this Agreement.

Section 2.2. The purpose of Fjarðaál sf. shall be to implement the Project in Reyðarfjörður for the production of primary aluminum and primary aluminum products and to carry on such production and related businesses, all in accordance with the Partnership agreement of Fjarðaál sf.

Section 2.3. The purpose of the Partners shall be to own the partnership Fjarðaál sf. The two Partners, Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf. shall reside and be registered in Iceland and may not during the term of this Agreement or any extension thereof own, operate or participate in any other business or activities without the consent of the

Þessar takmarkanir skulu koma skýrt fram í samþykktum félaganna á upphaflegum gildistíma samnings þessa eða framlengingartíma hans.

2.4. Sameigendurnir skulu undanþegnir ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög þar sem þess er krafist að meirihluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri hlutafélags hafi heimilisfesti á Íslandi.

2.5. Sameigendurnir og Fjarðaál sf. skulu undanskilin ákvæðum 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

2.6. Fjarðaál sf. skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða síðari ákvæðum laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda kaupi Fjarðaál sf. brunatryggingar svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum vegna hráálsverksmiðja. Ákvæði laga nr. 55/1992 um viðlagatryggingu skulu ekki eiga við um Fjarðaál sf., enda hafi Fjarðaál sf. gildandi viðlagatryggingu svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum eða í tryggingum vegna hráálsverksmiðja.

2.7. Fjarðaál sf. skal undanþegið ákvæðum 1. og 4. töluliðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

2.8. Ríkisstjórnin mun tryggja að leyfi verði gefin út til Fjarðaáls sf. samkvæmt 2. málsgr. 4. gr. samnings þessa og að undanþágur samkvæmt 4. – 7. málsgr. 2. greinar verði gefnar út, eða formlega veittar, ef nauðsyn krefur, í samræmi við viðeigandi lög. Slík leyfi og undanþágur skulu háð stjórnsýslu- og lagakröfum er varða fullnægingu á skilmálum þeirra og er heimilt að grípa til afturköllunar eða annarra aðgerða verði brotið gegn skilyrðum þeirra eða þau ekki virt.

2.9. Með því að undirrita samning þennan viðurkennir Alcoa og staðfestir þá uppbyggingu fyrirtækisins sem lýst er í þessari 2. gr.

Government. These limitations shall be clearly stated in the by-laws of the two companies during the Initial Term of this Agreement or any extension thereof.

Section 2.4. The Partners shall be exempted from provisions of paragraph 2 of Article 42 of Act No. 138/1994 on Private Limited Companies requiring that the majority of Board Members and the Managing Director of a limited company shall have residence in Iceland.

Section 2.5. The Partners and Fjarðaál sf. shall be exempted from provisions of Article 1, of the Act No. 19/1966 on the Right to Own and Utilise Real Estate.

Section 2.6. Fjarðaál sf. shall be exempted from provisions of Act No. 48/1994 on Fire Insurance, or subsequent provisions of law on joint compulsory insurance for buildings, provided that Fjarðaál sf. secures fire insurance as is normal and customary in the aluminum industry on primary aluminum facilities. The provisions of Act No. 55/1992 on Catastrophe Insurance shall not apply to Fjarðaál sf. provided that Fjarðaál sf. shall maintain catastrophe insurance as is normal and customary in the aluminum industry or coverage on primary metal production facilities.

Section 2.7. Fjarðaál sf. shall be exempted from provisions of paragraph 1, sub-paragraphs 1 and 4 of Article 14 of Act No. 146/1996 on the Safety of Electrical Installations, Consumer Apparatus and Electrical Materials.

Section 2.8. The Government will ensure that licences will be issued to Fjarðaál sf. pursuant to Section 4.2. of this Agreement and the exemptions under Section 2.4., 2.5., 2.6. and 2.7. shall be issued, or formally granted, if necessary, in accordance with the relevant Acts of Law. Such licences and exemptions shall be subject to administrative and legal requirements regarding compliance with their terms and may be subject to revocation or other actions in the event of breach or non-observance.

Section 2.9. Alcoa, by execution of this Agreement, acknowledges and affirms the company structure described in this Article 2.

3. gr.
Framsal eignarhluta.

3.1. Framsal eða veðsetning á eignarhlut í Fjarðaáli sf. getur einungis orðið til framsalsþega sem er sjálfstæður skattaðili með búsetu á Íslandi. Samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið fyrir öllu slíku framsali.

3.2. Samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið fyrir framsali eða veðsetningu á eignarhluta í Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráli ehf. þar til framleiðsla hefst í verksmiðjunni. Ekki skal synja með ósanngjörnum hætti um slíkt leyfi eða draga það og ekki þarf slíkt leyfi þegar um er að ræða (a) framsal til fyrirtækis í eignartengslum við Alcoa, (b) veðsetningu allra eða einhverra slíkra eignarhluta til tryggingar láni sem veitt er Fjarðaáli sf. eða sameigendunum til að auðvelda þeim að framkvæma verkefnið, (c) veðsetningu eða ráðstöfun allra eða einhverra slíkra eignarhluta í þágu Landsvirkjunar samkvæmt skilmálum rafmagnssamningsins, (d) sölu á einverjum slíkum eignarhlutum í tengslum við fullnustu vegna veðsetningar skv. (b) eða (c) til fyrirtækis/fyrirtækja sem skráð eru í ríki innan OECD, eða (e) framsal á minnihlutaeign, allt að 49%, til fyrirtækja sem skráð eru í ríkjum innan OECD.

3.3. Ef ekki er um annað samið milli aðila er heimilt, eftir að framleiðsla er hafin, að framselja eignarhluta í Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráli ehf., að fullu eða að hluta, til fyrirtækis í eignartengslum við Alcoa. Við framsal eignarhluta í Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráli ehf. til þriðja aðila, sem ekki er í eignartengslum við Alcoa, er samþykki ríkisstjórnarinnar áskilið, og skal ekki með ósanngjörnum hætti synja um slíkt samþykki eða draga það. Slíkt samþykki er ekki áskilið þegar um er að ræða framsal á minnihlutaeign, allt að 49%, til fyrirtækja sem skráð eru í ríkjum innan OECD.

3.4. Upplýsa ber ríkisstjórnina með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara um framsal eignarhluta skv. 2. og 3. mgr. 3. gr., og skulu ríkisstjórninni látnar í té upplýsingar, sem ríkisstjórnin telur viðunandi, um stöðu þess aðila sem við eignarhlutanum tekur.

Article 3
Transfer of Ownership Interests

Section 3.1. Any transfer or pledge of an ownership interest in Fjarðaál sf. must be made to a transferee which is a taxable entity with residence in Iceland. The consent of the Government is required for any such transfer.

Section 3.2. The consent of the Government is required for transfer or pledge of any ownership interest in Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf. until commencement of production by the Plant. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed and shall not be required in the case of (a) transfer to any Alcoa Affiliate, or (b) a pledge of all or any of such ownership interest to secure any loan made to Fjarðaál sf. or the Partners to assist them in implementing the Project or (c) a pledge or other disposal of all or any of such ownership interest in favour of Landsvirkjun pursuant to the terms of the Power Agreement, or (d) any sale of any such ownership interest in connection with enforcement pursuant to a pledge as referred to in (b) or (c) to any company(ies) incorporated in an OECD country, or (e) transfers of minority ownership interests, not exceeding 49% in total, to companies incorporated in an OECD country.

Section 3.3. Unless otherwise agreed between the Parties, following commencement of production, ownership interests in Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf. may be freely transferred, in whole or in part, to any Alcoa Affiliate. Transfer of any ownership interest in Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf. to a third party which is not an Alcoa Affiliate requires the consent of the Government, which consent shall not be unreasonably withheld or delayed. Such consent shall not be required in the case of transfer of minority ownership interests, not exceeding 49% in total, to companies incorporated in an OECD-country.

Section 3.4. The Government shall be informed not less than four weeks in advance of any transfer of ownership interest subject to Section 3.2. or Section 3.3., and shall be provided with information on the status of the acquiring entity to its reasonable satisfaction.

3.5. Nú kemur til framsals á eignarhluta í Fjarðaáli sf. eða sameigendunum og slíkt framsal er í samræmi við skilmála og ákvæði 1. – 4. mgr. 3 gr., [3. gr.] og skal þá félagið sem fékk eignarhlutann framseldan verða aðili að þessum samningi, á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins, og skal staðfesta það með því að gefa út og afhenda ríkisstjórninni skriflega yfirlýsingu á því formi sem ríkisstjórnin getur fallist á, þar sem fyrirtækið, sem fékk eignarhlutann framseldan samþykkir alla skilmála og ákvæði þessa samnings og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu.

3.6. Sameigendurnir og Alcoa (fyrir hönd allra fyrirtækja í eignartengslum við Alcoa) samþykkja takmarkanirnar á framsali eignarhluta skv. þessari 3. grein með undirritun samnings þessa.

Section 3.5. In the event of a transfer of an ownership interest in Fjarðaál sf. or the Partners, such transfer being in accordance with the terms and provisions of Section 3.1. to Section 3.4., the acquiring company shall become a party to this Agreement by virtue of the issue or transfer, and shall expressly confirm this by executing and delivering to the Government a written instrument in form satisfactory to the Government, whereby such acquiring company shall consent to the terms and provisions of the Agreement and agree to be fully bound by the terms and provisions thereof.

Section 3.6. The Partners and Alcoa (on behalf of all Alcoa Affiliates) approve the limitations on transfer of ownership interests in this Article 3 by signing this Agreement.

4. gr.
Starfsemi.

4.1. Fjarðaál sf. og sameigendurnir skulu ráðast í verkefnið í samræmi við skilmála og skuldbindingar verkefnissamninganna með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 2007.

4.2. Samhliða undirritun samnings þessa, skal ríkisstjórnin sjá um að veitt verði og gefið út til Fjarðaáls sf.:

(a) iðnaðarleyfi er staðfestir rétt Fjarðaáls sf. til þess að ráðast í verkefnið;

(b) verslunarleyfi er staðfestir rétt Fjarðaáls sf. til að stunda þá starfsemi sem lýst er í samningi þessum.

4.3. Reynist nauðsynlegt fyrir Fjarðaál sf. eða sameigendurna að fá frá ríkisstjórninni frekari samþykki eða leyfi, sem ekki er þörf á þann dag sem samningur þessi er undirritaður, skal ríkisstjórnin svo fljótt sem unnt er gera það sem í hennar valdi stendur til að aðstoða Fjarðaál sf. og sameigendurna við að fá slíkt samþykki eða leyfi.

4.4. Ríkisstjórnin skal á hverjum tíma, þegar Fjarðaál sf. fer fram á slíkt og án ástæðulausrar tafar, gera það sem í hennar valdi stendur til þess að aðstoða Fjarðaál sf. við að öðlast þau atvinnuleyfi sem nauðsynleg kunna að vera vegna starfsmanna eða verktaka Fjarðaáls sf. og sameigendanna.

Article 4
Operations

Section 4.1. Fjarðaál sf. and the Partners shall start the Project in accordance with the terms and obligations of the Project Agreements with the aim to commence production in 2007.

Section 4.2. The Government shall cause concurrently with the signing of this Agreement the grant and issuance:

(a) to Fjarðaál sf. of an Industrial Licence confirming the right of Fjarðaál sf. to implement the Project;

(b) to Fjarðaál sf. of a Commercial Licence confirming the right of Fjarðaál sf. to carry on operations, described in this Agreement;

Section 4.3. If it shall become necessary for Fjarðaál sf. or the Partners to obtain from the Government any further consent or licence not required at the date of signing of this Agreement, the Government shall as soon as practicable use its best efforts to assist Fjarðaál sf. and the Partners in obtaining such further consent or licence.

Section 4.4. The Government shall from time to time on request of Fjarðaál sf. promptly use its best efforts to assist Fjarðaál sf. to obtain any work permits that may be necessary in respect of any employees or contractors of Fjarðaál sf. and the Partners.

4.5. Fjarðaál sf. skal leitast við að tryggja að starfsemi þess stuðli að þróun vísinda- og tækniþekkingar á Íslandi, þar með, eftir því sem við á og við verður komið, með því að hafa og þróa á Íslandi nýsköpunarhæfni sína, enda tengist slík viðleitni og samrýmist rekstri verksmiðjunnar og öðrum ákvæðum þessa samnings. Til slíkrar viðleitni getur m.a. talist sala, leyfisveiting eða annars konar miðlun tækniþekkingar, verkþekkingar eða annarra hugverka frá fyrirtæki í eignartengslum við Alcoa samkvæmt samningum sem gerðir eru.

Section 4.5. Fjarðaál sf. shall endeavour to ensure that its activities contribute to the development of Icelandic scientific and technological capacities, including as far as appropriate and reasonably practicable the establishment and improvement in Iceland of its capacity to innovate, provided always that such endeavours are relevant to the operation of the Plant and compatible therewith, and with the other provisions of this Agreement. Such efforts may include the sale, licence or other transfer of technology, know-how or other intellectual property from any Alcoa Affiliate pursuant to negotiated agreements.

5. gr.
Viðskipti tengdra fyrirtækja.

5.1. Að beiðni Fjarðaáls sf. eða sameigendanna, er Alcoa eða fyrirtækjum í eignartengslum við Alcoa heimilt að útvega vörur (þ.m.t. súrál, forskaut og álflúoríð) eða þjónustu (þ.m.t. tækni-, stjórnunar- eða fjármálaþjónustu), eða lánsfé með vöxtum til Fjarðaáls sf. eða sameigendanna. Í slíkum tilvikum munu Fjarðaál sf. eða sameigendurnir og Alcoa eða fyrirtæki í eignartengslum við Alcoa, eftir því sem við á, gera með sér viðskiptasamning eins og um óskylda aðila væri að ræða varðandi útvegun slíkrar vöru eða þjónustu eða fjármagns í samræmi við þær meginreglur um milliverðlagningu sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar 5. greinar, svo og í viðauka A með samningi þessum.

5.2. Fjarðaál sf. og sameigendurnir skulu halda fullnægjandi bókhald og skrár til stuðnings útreikningum sínum á söluverði alls varnings úr hrááli sem seldur er milli fyrirtækjanna með milligöngu verksmiðjunnar. Fjarðaál sf. og sameigendurnir skulu einnig halda fullnægjandi bókhald og skrár til stuðnings verðlagningu á vöru og þjónustu sem útveguð er og vöxtum á lánsfé, sbr. 1. mgr. 5. gr.

5.3. Komi fram ósk um slíkt skal bókhaldið og skrárnar sem haldnar eru samkvæmt 2. mgr. 5. greinar vera til reiðu á venjulegum vinnutíma í húsnæði Fjarðaáls sf., fyrir óháðan löggiltan endurskoðanda sem báðir aðilar samþykkja, til að sannreyna að viðskiptin innan fyrirtækjanna sem fara í gegnum verksmiðjuna séu í samræmi við

Article 5
Affiliate Transactions

Section 5.1. At the request of Fjarðaál sf. or the Partners, Alcoa or any Alcoa Affiliate may provide products (including, but not limited to, alumina, anodes and aluminum fluoride) or services (including, but not limited to technical, management or financial services), or loan funds with interest to Fjarðaál sf. or the Partners. In such case, Fjarðaál sf. or the Partners, and Alcoa or such Alcoa Affiliate, as the case may be, will enter into a commercial, arm's length agreement for the supply of such products or services or funds in accordance with the transfer pricing principles set forth in Section 5.2., 5.3. and 5.4., and Annex A of this Agreement.

Section 5.2. Fjarðaál sf. and the Partners shall maintain adequate books and records to support their calculations of the sales prices of all primary aluminum products sold inter-company through the Plant. Fjarðaál sf. and the Partners shall also maintain adequate books and records to support the pricing of provided products and services, and interest on loan funds, as set forth in Section 5.1.

Section 5.3. The books and records maintained pursuant to Section 5.2. shall be made available, upon request, during normal business hours at Fjarðaál sf.'s facility, to an independent public accountant agreed between the Parties, in order to verify if the inter-company transactions flowing through the Plant are in accordance with

hlutlæg viðmið viðskipta milli ótengdra aðila skv. samningi þessum, eins og kveðið er á um í þessari 5. grein og viðauka A með samningi þessum. Eigi má fara fram á slíka endurskoðun oftar en einu sinni á hverju almanaksári og skal kostnaður við endurskoðunina borinn af ríkisstjórninni. Upplýsingar sem óháðum löggiltum endurskoðendum eru veittar í þessum tilgangi, svo og skýrslur sem byggja á slíkum upplýsingum og ríkisstjórnin fær aðgang að, teljast geyma og eru í eðli sínu trúnaðarupplýsingar um Alcoa, bundnar einkarétti, og skal (i) fara með þær í fyllsta trúnaði, (ii) birta þær þeim einum sem þurfa á þeim að halda vegna endurskoðunarinnar, og (iii) nota þær einungis í tilgangi endurskoðunarinnar skv. framangreindu.

5.4. Alcoa og öll fyrirtæki í eignartengslum við Alcoa sem útvega vöru, þjónustu eða fjármagn til Fjarðaáls sf. eða sameigendanna skv. samningi þessum, eða öfugt, falla undir 58. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (um óvenjuleg skipti í fjármálum). Öll viðskipti milli Fjarðaáls sf. eða sameigendanna og Alcoa eða fyrirtækja í eignartengslum við Alcoa skulu samrýmast framangreindri lagagrein og meginreglum OECD um milliverðlagningu og túlkun á slíkum reglum.

6. gr.
Umhverfismál.

6.1. Verksmiðjan skal rekin í samræmi við starfsleyfi, sem gefið er út til Fjarðaáls sf. af Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 785/1999, þar sem fjallað er um öll atriði er varða verksmiðjuna svo og starfsemi við höfnina er tengist verksmiðjunni og varðar útskipun og uppskipun, umhverfisreglur og eftirlit.

6.2. Ríkisstjórnin skal ekki leggja nein umhverfisgjöld eða skatta sem tengjast losun lofttegundanna CO_2 og SO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarefnum, á Fjarðaál sf. eða sameigendurna nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. allar aðrar hráálsverksmiðjur.

objective standards for arm's length dealings pursuant to this Agreement, as provided in this Article 5 and Annex A of this Agreement. Such audits may be requested no more frequently than once per calendar year, and the costs of such audits shall be the responsibility of the Government. The information disclosed to independent public accountants for such purposes, as well as any reports generated from such information and made available to the Government, shall contain and constitute confidential Alcoa proprietary information, which is to be; (i) treated in strictest confidence, (ii) disclosed only to those having a need to receive such information for the purpose of such audit, and (iii) used only for the purpose of such audit, as set forth above.

Section 5.4. Alcoa and all Alcoa Affiliates providing products, services or funds to Fjarðaál sf. or the Partners hereunder, or vice versa, shall be subject to Article 58 (on arms length principle) of Act No. 75/1981 on Income Tax and Net Worth Tax. All transactions between Fjarðaál sf. or the Partners, and Alcoa or such Alcoa Affiliates shall be in compliance therewith and according to OECD transfer pricing principles and interpretations thereof.

Article 6
Environmental Matters

Section 6.1. The Plant shall be operated in accordance with an Environmental Operating Licence to be issued by the Environmental and Food Agency under Act No. 7/1998 and Regulation No. 785/1999 to Fjarðaál sf., covering all aspects of the Plant, as well as activities at the Harbour related to the Plant as to loading and unloading, environmental regulation and control.

Section 6.2. The Government shall not impose any environmental charges or taxes related to the emission of CO_2 and SO_2 gases, or any other emission or pollutant, on Fjarðaál sf. or the Partners unless such charges or taxes are generally levied on other companies in Iceland, including but not limited to all other primary aluminum companies.

7. gr.

Meginreglur og framkvæmd skattlagningar.

7.1. Um skattlagningu og innheimtu annarra opinberra gjalda af Fjarðaáli sf. og sameigendunum skulu gilda almennar reglur sem gilda um slík gjöld á grundvelli laga hverju sinni, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

7.2. Almenn ákvæði íslenskra skattalaga sem í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtöl og framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur viðkomandi skattalaga og andmæli og deilur í tengslum við þau, skulu gilda um Fjarðaál sf. og sameigendurna, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

8. gr.

Skattar til ríkissjóðs.

8.1. Fjarðaál sf. er skráð á Íslandi og telst ekki sjálfstæður skattaðili skv. lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Sameigendurnir eru skattskyldir skv. lögum nr. 75/1981. Þrátt fyrir breytingar, sem kunna að verða á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skulu sameigendurnir greiða átján prósent (18%) tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:

(a) Ef tekjuskattshlutfall það, sem á við um félög með takmarkaðri ábyrgð og gildir á umsömdum afhendingardegi rafmagns, er lægra en átján prósent (18%), skal slíkt lægra tekjuskattshlutfall gilda um sameigendurna á upphaflegum gildistíma samningsins og á framlengingartíma hans. Ef tekjuskattshlutfallið, sem þannig hefur verið lækkað, hækkar síðar, innan upphaflegs gildistíma samningsins eða á framlengingartíma hans, skal slíkt hærra tekjuskattshlutfall gilda um sameigendurna, en þó skal hlutfallið aldrei hærra en átján prósent (18%).

(b) Varanlegir rekstrarfjármunir sem Fjarðaál sf. eignast skulu flokkaðir skv. 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrning varanlegra rekstrarfjármuna skal ákvörðuð með þeim hætti sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. 8. gr. og viðauka B með samningi þessum.

(c) Fjarðaáli sf. er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar

Article 7

Principles and Procedure of Taxation

Section 7.1. Fjarðaál sf. and the Partners shall be subject to taxes and other public charges generally levied in Iceland, according to the rules applicable to such charges under the law from time to time, except as otherwise provided in this Agreement.

Section 7.2. General provisions of Icelandic tax laws prevailing from time to time relating to tax returns and their due dates, assessment, reviews, reassessment, collection, due dates and payment and other settlement procedures of the tax laws in question and to protests and disputes arising in connection thereof, shall apply to Fjarðaál sf. and the Partners, except as provided herein.

Article 8

Government Taxes

Section 8.1. Fjarðaál sf. is registered in Iceland and will be a non-taxable entity in accordance with Act. No. 75/1981 on Income Tax and Net Worth Tax. The Partners will be liable for tax pursuant to Act No. 75/1981. Notwithstanding eventual changes in the Act No. 75/1981 on Income Tax and Net Worth Tax, as amended, the Partners shall pay an income tax at the rate of eighteen percent (18%) with the following special provisions:

(a) If the income tax rate applicable to limited liability companies in effect on the Permanent Delivery Date is lower than eighteen percent (18%), then such lower income tax rate shall apply to the Partners for the Initial Term and any extensions thereof. If, however, the income tax rate, as so lowered, is subsequently raised, during the Initial Term or any extension thereof, then such higher income tax rate shall apply to the Partners, but such rate shall never exceed eighteen percent (18%).

(b) Fixed assets acquired by Fjarðaál sf. shall be classified according to Articles 32 and 38 of Act No. 75/1981. Depreciation shall be determined as provided for in Section 8.4. and Section 8.5. and Annex B to this Agreement.

(c) Fjarðaál sf. shall be entitled to deduct from taxable income in any given year

rekstrartaps frá síðustu níu almanaksárum, svo sem frekar er kveðið á um í 8. tölulið, 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Ef íslenskum fyrirtækjum verður almennt heimilað skv. lögum, áður en að umsömdum afhendingardegi rafmagns kemur, að draga slíkt tap frá skattskyldum tekjum vegna fleiri ára, skv. þessari mgr., skal sama frádráttarregla einnig gilda um Fjarðaál sf. Komi hins vegar til þess að frádráttarbærum árum verði fækkað á upphaflegum gildistíma samningsins eða framlengingartíma hans, skal sú fækkun á frádráttarbærum árum gilda um Fjarðaál sf., en þó þannig að þau skulu aldrei færri en níu almanaksár.

Section 20.3. If the Power Contract is terminated before the expiry of the Initial Term for any reason, Fjarðaál sf. shall have the option at any time to terminate this Agreement by giving the Government written notice of such termination.

Section 20.4. At any time prior to one year before the end of the Initial Term of this Agreement pursuant to Section 20.2., Fjarðaál sf. and the Partners may, if the Power Contract is in effect, extend this Agreement for an additional period of twenty (20) years on identical terms and conditions, unless the Parties agree on new terms and conditions. If Fjarðaál sf. and the Partners decide not to extend the Agreement, they shall give notice thereof in writing to the Government not less than one year prior to the expiration of the Initial Term.

Section 20.5. The term of this Agreement shall be extended by a period of time equal to the duration of an event of Force Majeure under any of the Project Agreements.

Article 21
Official Texts

Section 21.1. The official languages of this Agreement shall be English and Icelandic, each of which shall be equally authentic. In case of any inconsistency or conflict between the English and the Icelandic texts, the English language text shall govern.

Article 22
Assignment

Section 22.1. The rights and obligations under this Agreement shall not be assigned, transferred or delegated by any Party without the consent of the other Parties, and any purported assignment or delegation without such consent shall be void and of no effect. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed.

22.2. Hafi rafmagnssamningurinn verið framseldur er Fjarðaáli sf. og sameigendunum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr., að framselja samning þennan, og öll þau réttindi sem hann veitir, án samþykkis ríkisstjórnarinnar, (i) til fyrirtækis í eignartengslum við Alcoa sem er sjálfstæður skattaðili með aðsetur á Íslandi, (ii) til banka sem tryggingu fyrir hvers kyns fjármögnun sem tengist verkefninu, eða (iii) til Landsvirkjunar sem tryggingu fyrir skuldbindingum Fjarðaáls sf. skv. rafmagnssamningnum. Ef gengið er að tryggingum skv. liðum (ii) eða (iii) hér að framan, samþykkir ríkisstjórnin framsal réttinda og skuldbindinga Fjarðaáls sf. og sameigendanna, eftir því sem við á, samkvæmt samningi þessum til fyrirtækis/fyrirtækja með aðsetur á Íslandi sem eignast hlutdeild Fjarðaáls sf. í verksmiðjunni í kjölfar þess að gengið er að tryggingunum.

22.3. Komi til framsals skv. 2. mgr. 22. gr. og fari ríkisstjórnin, bankarnir og/eða Landsvirkjun fram á slíkt, skulu viðkomandi aðilar gera beinan samning þar sem staðfest eru réttindi bankanna og/eða Landsvirkjunar sem kveðið er á um í samningi þessum, þ.á m. réttur bankanna og/eða Landsvirkjunar til þess að framselja réttindi sín til annars aðila sem þeir tilnefna.

Section 22.2. Notwithstanding Section 22.1., if the Power Contract is assigned, this Agreement, and rights accruing hereunder, may be assigned by Fjarðaál sf. and the Partners without the Government's consent, (i) to an Alcoa Affiliate which is a taxable entity with residence in Iceland, (ii) to Banks as security for any financing relating to the Project or, (iii) to Landsvirkjun as security for Fjarðaál sf.'s obligations under the Power Contract. Upon enforcement of the security under (ii) or (iii) above, the Government shall consent to the transfer of Fjarðaál sf.'s, and the Partners', as the case may be, rights and obligations under this Agreement to any company(ies) with residence in Iceland which acquire(s) Fjarðaál sf.'s interest in the Plant as a result of such enforcement.

Section 22.3. In the event of an assignment pursuant to Section 22.2, if requested by the Government, Banks and/or Landsvirkjun, the Parties involved shall enter into a direct agreement, confirming the rights of the Banks and/or Landsvirkjun as provided for in this Agreement and, inter alia, the rights of the Banks and/or Landsvirkjun to transfer their rights to any entity designated by them.

23. gr.

Breytingar og endurskoðun.

23.1. Samningi þessum verður aðeins breytt með skriflegum og lögformlega undirrituðum viðaukasamningi sem samningsaðilar gera með sér. Gerðar kunna að verða breytingar á viðauka A öðru hvoru með samkomulagi milli aðila í samræmi við skilmála hans.

23.2. Við gerð samnings þessa viðurkenna aðilar að ekki sé raunhæft að hyggjast setja fram ákvæði um hvernig bregðast skuli við öllu því sem upp getur komið á gildistíma hans. Lýsa aðilar yfir þeim ásetningi sínum að samningnum verði beitt með sanngirni í skiptum þeirra og án þess að hagsmunir annars hvors þeirra bíði tjón af, þegar tekið er tillit til þess hvernig skipt er því hagræði og þeirri áhættu sem af honum leiðir. Fari þó svo að óvenjulegir atburðir verði, sem aðilar höfðu ekki stjórn á, höfðu ekki leitt hugann að og ekki var með sanngirni

Article 23

Amendments and Review

Section 23.1. This Agreement may be amended solely by a supplemental agreement duly entered into in writing between the Parties. Annex A may be amended from time to time by agreement of the Parties in accordance with its terms.

Section 23.2. In entering into this Agreement the Parties recognize that it is impractical to make provisions for every contingency which may arise during the course of this Agreement. The Parties declare it to be their intention that this Agreement shall be operated between them with fairness and without detriment to the interests of either of them, taking into account the allocation of benefits and risks ensuing from it. Should however the occurrence of extraordinary events beyond the control of the Parties, not contemplated and not reason-

unnt að ætlast til að þeir sæju fyrir, og slíkir atburðir raski jafnvægi samnings þessa í grundvallaratriðum og valdi þar með ósanngirni hvað snertir skiptingu hagræðis og áhættu milli aðila, munu aðilar eiga með sér viðræður í góðri trú og leita eftir megni samkomulags um breytingu á samningi þessum til að uppræta orsök eða orsakir slíkrar ósanngirni. Aðilar hafa sérstaklega samþykkt að til slíkra óvenjulegra atburða teljist m.a. allar grundvallarbreytingar innan áliðnaðarins og/eða hækkun eða lækkun á íslenskri byggingavísitölu sem er umfram tuttugu og fimm prósent (25%) á fyrsta 5 (fimm) ára tímabilinu sem hefst á umsömdum afhendingardegi rafmagns og síðan á hverju 5 (fimm) ára tímabili. Fari svo að aðilar verði ekki ásáttir um að ósanngirni sé til að dreifa, eða um orsakir hennar eða afleiðingar, getur hvor þeirra um sig lagt þann ágreining í gerð eins og kveðið er á um í 3. mgr. 18. gr. samnings þessa.

23.3. Þrátt fyrir framangreint, getur enginn aðili borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 23. gr. fyrir 1. júlí 2015, né heldur oftar en einu (1) sinni á upphaflegum gildistíma samnings þessa eða oftar en tvisvar (2svar) á hverjum framlengingartíma skv. 4. mgr. 20. gr. í samningi þessum. Þrátt fyrir framangreint er aðilum heimilt að bera fyrir sig ákvæði 2. mgr. 23. gr. að því [er] varðar breytingar á byggingarvísitölu eftir hvert fimm (5) ára tímabil, talið frá umsömdum afhendingardegi rafmagns. Nánar tiltekið má fyrsta endurskoðun eiga sér stað árið 2012, þá 2017, 2022 og að lokum 2027.

23.4. Aðilar hafa samið um og samþykkt ákvæði þessarar 23. greinar í fullri vitneskju um ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 11/1986 og lögum nr. 14/1995. Ákvæði þessarar 23. greinar skulu koma í stað ákvæða 36. gr. nefndra laga.

24. gr.
Tilkynningar.

24.1. Hvers kyns tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, skulu sendar bréfleiðis eða með bréfsíma og staðfestar skriflega og teljast gild-

ably foreseeable by the Parties, fundamentally alter the equilibrium of this Agreement, thereby causing unfairness in the allocation of benefits and risks between the Parties, the Parties will meet and in good faith negotiate and use their best endeavours to agree upon an amendment to this Agreement to remove the cause or causes of such unfairness. The Parties have specifically agreed that such extraordinary events shall include, but not limited to, any fundamental change in the aluminum industry, and/or any increase or decrease in the Icelandic Building Cost Index which exceeds twenty five percent (25%) for the first 5 (five) year period starting from the Permanent Delivery Date and thereafter for each 5 (five) year period. In the event that the Parties are unable to agree as to the existence of such unfairness or as to the causes or effects thereof, such dispute may be referred by either Party to arbitration as provided in Section 18.3. of this Agreement.

Section 23.3. Neither Party may invoke the provisions of Section 23.2. prior to July 1 2015 or more than one (1) time during the Initial Term of this Agreement or more than two (2) times during the extension period subject to Section 20.4. of this Agreement. Notwithstanding the foregoing, the parties may invoke the provisions of Section 23.2 with respect to changes in the Building Cost Index after every five (5) year period, starting from the Permanent Delivery date. Specifically, the first review may take place in the year 2012, then 2017, 2022 and finally 2027.

Section 23.4. The provisions of this Article 23 have been negotiated and agreed in full knowledge by all Parties of the provisions of Article 36 of Act No. 7/1936 on Contracts, as amended by Act No. 11/1986 and Act No. 14/1995. The provisions of this Article 23 shall be in substitution of the provisions of Article 36 of said Act.

Article 24
Notices

Section 24.1. Any notice required or permitted to be given hereunder shall be in writing or by telefax to be confirmed in writing and shall be valid and sufficient if dispatched

ar og fullnægjandi ef þær eru sendar með ábyrgðarflugpósti að greiddu burðargjaldi eða með bréfsíma og staðfestar í ábyrgðarflugpósti með eftirfarandi utanáskrift:
Til ríkisstjórnarinnar:
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Arnarhvoli
IS 150 Reykjavík
Íslandi
Bréfsími: +354 562 1289

Til Alcoa:
Alcoa Inc.
201 Isabella Street
Pittsburgh, PA, 15212
USA
Bréfsími: +1 (412) 553 4820

Til Fjarðaáls sf.:
Fjarðaál sf.
Hallveigarstíg 1
101 Reykjavík
ÍSLANDI
Bréfsími: +354 511 7901

Til Alcoa á Íslandi ehf.:
Alcoa á Íslandi ehf.
Hallveigarstíg 1
101 Reykjavík
ÍSLANDI
Bréfsími: +354-511-7901

Til Reyðaráls ehf.:
Reyðarál ehf.
Hallveigarstíg 1
101 Reykjavík
ÍSLANDI
Bréfsími: +354-511-7901

eða með annarri utanáskrift og/eða bréfsímanúmeri, sem viðkomandi aðili kann að tilkynna hinum aðilanum/aðilunum um með þeim hætti sem kveðið er á um hér að framan.

24.2. Þeir aðilar sem eiga rétt á að fá tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, geta afsalað sér þeim rétti skriflega, annaðhvort fyrir eða eftir þann dag sem áskilið er eða heimilað að senda tilkynninguna.

24.3. Tilkynningar samkvæmt þessum samningi skulu teljast hafa verið veittar þegar tíu (10) almanaksdagar eru liðnir frá póstlagningu eða á næsta virka degi frá sendingu með bréfsíma, enda hafi í tilvikum þegar

by registered air mail, postage prepaid or by telefax to be confirmed by such registered mail, addressed as follows:

If to the Government:
Ministry of Industry and Commerce
Arnarhvoli
IS 150 Reykjavík
Iceland
Telefax: 354 562 1289

If to Alcoa:
Alcoa Inc.
201 Isabella Street
Pittsburgh, PA, 15212
USA
Telefax: 1 412 553 4820

If to Fjarðaál sf.:
Fjarðaál sf.
Hallveigarstígur 1
101 Reykjavík
ICELAND
Telefax: 354-511-7901

If to Alcoa á Íslandi ehf.:
Alcoa á Íslandi ehf.
Hallveigarstígur 1
101 Reykjavík
ICELAND
Telefax: 354-511-7901

If to Reyðarál ehf.:
Reyðarál ehf.
Hallveigarstígur 1
101 Reykjavík
ICELAND
Telefax: 354-511-7901

or to such other address and/or telefax number as the relevant Party may notify to the other Party(ies) in accordance with the above procedure.

Section 24.2. Notices required or permitted under this Agreement may be waived, in writing, by the Party entitled to receive the same either before or after the date on which notice is required or permitted to be given.

Section 24.3. Notices given as herein provided shall be considered to have been given ten (10) calendar days after the mailing thereof or the next following business day after dispatch if sent by telefax, provided that in

um símbréf er að ræða í raun borist staðfesting á tilkynningunni með ábyrgðarbréfi.

25. gr.
Ýmis ákvæði.

25.1. Samningur þessi skal undirritaður og afhentur af aðilum í þremur (3) eintökum, einu fyrir ríkisstjórnina og tveimur fyrir Alcoa, Fjarðaál sf. og sameigendurna saman. Sérhvert eintak telst frumrit og jafngilt hinum eintökunum.

25.2. Hver samningsaðili skal afhenda hinum aðilunum lögfræðilegar álitsgerðir á því formi sem aðilar komast að gagnkvæmu samkomulagi um.

25.3. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um skilmála og skilyrði þátttöku sinnar (þ.m.t. þátttöku ríkissjóðs, sveitarfélagsins og hafnarsjóðs) í verkefninu á grundvelli verkefnasamninganna. Samhliða undirritun samnings þessa skal ríkisstjórnin afhenda Alcoa, Fjarðaáli sf. og sameigendunum afrit af tilkynningunni og jafnframt upplýsa um niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.

25.4. Fjarðaál sf. og sameigendurnir skulu við undirritun samnings þessa leggja fram afrit af sameignarsamningi Fjarðaáls sf. og afrit af samþykktum Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, Alcoa, Fjarðaáls sf. og sameigendanna þann dag sem í upphafi greinir, í þremur eintökum.

F.H. RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
Valgerður Sverrisdóttir
Iðnaðarráðherra

F.H. ALCOA INC.
Alain J.P. Belda
CEO

F.H. FJARÐAÁLS SF.
B. Michael Baltzell
Director

the case of telefax the confirmation by registered mail is actually received thereafter.

Article 25
Miscellaneous Provisions

Section 25.1. This Agreement shall be signed and delivered by the Parties in three (3) copies, one for the Government and two for Alcoa, Fjarðaál sf. and the Partners together. Each such signed and delivered copy shall constitute an authentic original of equal validity.

Section 25.2. Each Party shall deliver to the other Party legal opinions in the form the Parties mutually agree on.

Section 25.3. The Government has notified the EFTA Surveillance Authority of the terms and conditions of its involvement (including the involvement of the Treasury, Township and the Harbour Fund) in the Project through the Project Agreements. The Government shall concurrently with the signing of this Agreement provide a copy of such notification to Alcoa, Fjarðaál sf. and the Partners, and shall at the same time inform such Parties of the decision of the EFTA Surveillance Authority.

Section 25.4. Fjarðaál sf. and the Partners shall concurrently with the signing of this Agreement table a copy of Fjarðaál sf.´s partnership agreement and copies of the by-laws of Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government, Alcoa, Fjarðaál sf. and the Partners as of the date first above written, in three copies.

FOR THE GOVERNMENT OF ICELAND:
By: Valgerður Sverrisdóttir
Minister of Industry

FOR ALCOA INC.
By: Alain J.P. Belda
Chairman & C.E.O.

FOR FJARÐAÁL SF.
By: B. Michael Baltzell
Director

F.H. ALCOA Á ÍSLANDI EHF.
B. Michael Baltzell
Director

FOR ALCOA Á ÍSLANDI EHF
By: B. Michael Baltzell
Director

F.H. REYÐARÁLS EHF.
B. Michael Baltzell
Director

FOR REYÐARÁL EHF
By: B. Michael Baltzell
Director

Viðaukar:
Viðauki A – Meginreglur um viðskiptaskilmála og milliverð.
Viðauki B – Sundurliðun á varanlegum rekstrarfjármunum verksmiðjunnar og fyrningartafla.
Viðauki C – Lýsing á mannvirkjum.

Annexes:
Annex A – Arm's Length Principles and Transfer Pricing Guidelines
Annex B – Breakdown of Plant Fixed Assets and Depreciation Schedule
Annex C – Facility Description

Viðauki A
við fjárfestingarsamninginn.

Meginreglur um viðskiptaskilmála og milliverð.

Til frekari skýringar hafa aðilar samþykkt eftirfarandi viðmiðunarreglur um viðskiptaskilmála og meginreglur um milliverð í skattalegu tilliti skv. 5. gr. samnings þessa.

1. gr. Rekstur verksmiðjunnar og öll fjármálaviðskipti Fjarðaáls sf. og sameigendanna í tengslum við hann skulu byggjast á (i) góðum reikningsskilavenjum sem gilda um iðnfyrirtæki af sömu stærð og eðli og Fjarðaál sf. og (ii) hlutlægum viðmiðunum, þar sem við á og sambærilegum viðskiptum við þriðja aðila og/eða almennum upplýsingum sem lýsa viðskiptum milli óskyldra aðila að því er varðar öll viðskipti Fjarðaáls sf. og sameigendanna, þannig að fylgt sé eftirfarandi grundvallarreglum í öllum tilvikum:

a) Vergar tekjur af sölu áls skulu byggjast annaðhvort á meðalstaðgreiðsluverði næstliðins mánaðar fyrir hágæðaál á London Metal Exchange („LME HG Cash") með viðeigandi álagi fyrir gæði, eins og verðið er birt í ritinu Metal Bulletin, í kaflanum „Non-Ferrous Primary Metals, Base Metals" eða á „Midwest"-verði eins og það er birt í Platts Metals Week undir yfirskriftinni „MW US Market" í kaflanum „Major Metals", eftir áfangastað. Verðið skal háð, en ekki takmarkast af, leiðréttingum fyrir tollum, flutningskostnaði, blöndu, gæðum og formi, svo og sambærilegum gjöldum eða álagi, ásamt leiðréttingum vegna sölukostnaðar eða annarri aðferðafræði sem samkomulag næst um, í þóknunarskyni fyrir slíka þjónustu í samræmi við gildandi venjur um viðskipti milli óskylda [óskyldra] aðila.

b) Tækni – Fjarðaál sf. verður þátttakandi í alþjóðlegum kostnaðarskiptasamningum Alcoa sem kveða á um að álverksmiðjur deili með sér eignarhaldi og kostnaði í tengslum við þróun áltækni.

c) Þóknanir fyrir stjórnunaraðstoð eða aðra þjónustu verða innheimtar með þeim hætti sem tíðkast í sambærilegum alþjóðlega viðurkenndum viðskiptum milli óskyldra aðila í löndum OECD og í samræmi við ákvæði 2. gr. hér á eftir.

d) Vextir skulu taka mið af lánshæfismati og eðlilegum fjármögnunarkostnaði og afborgunar-

ANNEX A
To the Investment Agreement

Arm's Length Principles and Transfer Pricing Guidelines

For further clarification the Parties have agreed on the following guidelines regarding arm's length dealing and transfer pricing principles for taxation purposes pursuant to Article 5 of this Agreement:

Clause 1. The Plant operation and all related financial transactions of Fjarðaál sf. and the Partners shall be based upon; (i) generally accepted accounting principles applicable to industrial companies of the size and character of Fjarðaál sf., and (ii) objective standards, where appropriate and applicable third party comparables and/or publicly available data, reflecting arm's-length dealing with respect to all transactions of Fjarðaál sf. and the Partners, giving effect in all events to the following principles:

a) Gross revenues from the sales of aluminum will be based on either the London Metal Exchange High Grade average cash price for the preceding month ("LME HG Cash") price and applicable HG duty paid premium as published by Metal Bulletin in section Non-Ferrous Primary Metals, Base Metals, or Midwest price as published by Platts Metals Week under section Major Metals as "MW US Market", based on the destination. Such price shall be subject to, but not limited by, adjustments for customs duty, freight, alloy, quality and shape, and other similar charges or premiums, as well as an adjustment for selling expenses or other agreed-upon methodology to compensate for such services consistent with current arm's length practices;

b) Technology – Fjarðaál sf. will participate in Alcoa's global cost sharing agreements under which aluminum smelters share in the ownership and cost of developing aluminum technology;

c) Fees for management assistance or other services will be charged as practiced in similar internationally recognized commercial, arm's length dealings within the OECD-countries and in accordance with the provisions of Clause 2 hereinafter;

d) Interest rates will reflect the credit rating and normal financing costs and debt amortization

tíma fyrir Fjarðaál sf. og sameigendurna sem dótturfélög sem eru alfarið í beinni eða óbeinni eign Alcoa.

e) Kostnaðarverð súráls sem Alcoa eða félög í eignatengslum við Alcoa útvega Fjarðaáli [sf.] greiðist skv. ákvæðum 3. gr. hér að neðan; og

f) Kostnaður af forskautum (rafskautum) sem Alcoa eða félög í eignatengslum við Alcoa útvega Fjarðaáli [sf.] greiðist skv. ákvæðum 4. gr. hér að neðan; og

2. gr. Að því er varðar c-lið 1. gr. veita stjórndeildir Alcoa eða félaga í eignatengslum við Alcoa Fjarðaáli [sf.] eftirfarandi þjónustu á kostnaðarverði (eða á kostnaðarverði með álagningu, eftir því hver veitir þjónustuna), í samræmi við opinberar reglur sem gilda um aðilann sem þjónustuna veitir:

- Sameiginlega fjármálaþjónustu (viðskiptamannabókhald, launabókhald o.fl.)
- lögfræðiþjónustu
- alþjóðleg upplýsingakerfi
- starfsmannahald
- umhverfismál, öryggi og heilsuvernd á vinnustað
- innkaup
- fjármál (skattamál, innri endurskoðun o.fl.)
- stjórnun

Listinn er ætlaður til hliðsjónar en er ekki tæmandi.

3. gr. Að því er varðar e-lið 1. gr., að því marki sem Alcoa eða fyrirtæki í eignatengslum við Alcoa útvega súrál til Fjarðaáls sf. skal verðið sem Fjarðaál sf. greiðir vera sem svarar vegnu meðalverði frá Alcoa til óskyldra aðila á viðkomandi almanaksári.

a) Þar sem Alcoa og fyrirtæki í tengslum við Alcoa eru stærstu söluaðilar súráls til óskyldra aðila, er vegið meðalverð sú viðmiðun sem gefur réttasta mynd varðandi verð til óskyldra aðila miðað við OECD og önnur opinber verðviðmið, þar sem litið er á sambærilega eða frjálsa verðlagningu sem æskilegustu viðmiðun til að ákvarða milliverð.

b) Vegið árlegt meðalmilliverð Alcoa verður staðfest til ríkisstjórnarinnar í lok hvers árs af löggiltum endurskoðendum Alcoa, og skal það lagt til grundvallar af löggiltum endurskoðanda, sem tilnefndur er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. í fjárfestingarsamningnum, sem skal hafa

schedules for Fjarðaál sf. and the Partners, as direct or indirect wholly owned subsidiaries of Alcoa;

e) The cost of alumina supplied to Fjarðaál sf. by Alcoa or Alcoa Affiliates will be charged in accordance with the provisions of Clause 3 hereinafter; and

f) The cost of anodes supplied to Fjarðaál sf. by Alcoa or Alcoa Affiliates will be charged in accordance with the provisions of Clause 4 hereinafter.

Clause 2. For the purposes of clause 1 (c), the following services will be rendered by administrative departments within Alcoa or Alcoa Affiliates and charged to Fjarðaál sf. at cost (or cost plus a margin, depending on the provider), in accordance with governmental rules and regulations applicable to the provider:

- financial shared services (A/R, A/P, payroll, etc.)
- legal
- global information systems
- human resources
- environmental health and safety
- procurement
- finance (tax, internal audit, etc.)
- business unit management

This list is illustrative and not intended to be all-inclusive.

Clause 3. For purposes of Clause 1 (e), to the extent that Alcoa or Alcoa Affiliates supply alumina to Fjarðaál sf., the price paid by Fjarðaál sf. will be the weighted average price charged by Alcoa to third party purchasers during such calendar year.

a) As Alcoa and Alcoa Affiliates are the largest suppliers of alumina to third parties, the use of such weighted average price is the most representative arm's length price under OECD, and other governmental, transfer pricing policies which regard the use of such Comparable Uncontrolled Prices as the preferred transfer pricing methodology.

b) Alcoa's annual weighted average "transfer price" will be certified to the Government after the end of each year by Alcoa's independent public accounting firm, to be used by the independent public accountant appointed pursuant to Section 5.3. of the Investment

eðlilegan aðgang að bókhaldi Fjarðaáls sf. og sameigendanna á venjulegum vinnutíma í húsakynnum þeirra í þessu skyni.

c) Komi til þess að sala frá Alcoa til óskyldra aðila fari niður fyrir eina milljón tonna á ári, skulu aðilar sameiginlega tilnefna sérfræðing um milliverðlagningu til þess að finna viðeigandi aðferð til að ákvarða kjör milli óskyldra aðila og tryggja að verðlagning milli fyrirtækja Alcoa samræmist grundvallarreglum OECD um viðskipti milli óskyldra aðila og viðeigandi opinberum viðmiðunarreglum um milliverð og skila greinargerð um nýjustu aðferðir sem tíðkast í þessum efnum.

4. gr. Gert er ráð fyrir að Fjarðaál sf. kaupi kolforskaut (rafskaut) frá óskyldum aðilum. Ef Fjarðaál kaupir hins vegar kolforskaut frá Alcoa eða félögum í eignatengslum við Alcoa, skal verðlagning í slíkum kaupum taka mið af árlegu meðalverði frá hinum óskyldu aðilum til Fjarðaáls sf., enda nemi slík kaup frá óskyldum aðilum a.m.k. 25% af heildarkaupum. Ef kaupin eru innan við 25%, skulu þau eiga sér stað á grundvelli sölusamnings um forskaut sem gerður er milli Alcoa eða fyrirtækis í eignatengslum við Alcoa og Fjarðaáls sf., sem hér segir:

a. Verð forskautanna skal ákvarðað með verðlagningaraðferð sem gerir ráð fyrir að Alcoa endurheimti allan beinan og óbeinan kostnað og fái sanngjarnan arð af því fjármagni Alcoa sem notað er við framleiðslu forskautanna. Verðlagningaraðferðin skal byggjast á rannsókn sem gerð er af sérfræðingi um milliverðlagningu sem hefur þekkingu á ál- og kolaefnamarkaðnum.

b. Verðlagningaraðferðin skal frágengin og samþykkt af aðilum svo fljótt sem við verður komið.

c. Beinn og óbeinn kostnaður félagsins, sem milliverð forskautanna byggist á, skal staðfestur við ríkisstjórnina í lok hvers árs af löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af Alcoa og hefur eðlilegan aðgang að bókhaldi forskautaframleiðandans og skal hann lagður til grundvallar af endurskoðandanum sem tilnefndur er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. í fjárfestingarsamningnum.

5. gr. Aðilar eru sammála um að forsendur þessa viðauka byggjast á upplýsingum sem í gildi eru á undirritunardegi samnings þessa og að þær

Agreement, and having reasonable access during normal business hours and at the entity's facilities to the books of Fjarðaál sf. and the Partners for this purpose.

c) In the event that Alcoa's third party sales of alumina fall below one million tonnes per year, the Parties will engage a mutually agreed upon transfer pricing expert to determine an appropriate arm's length methodology to ensure that its inter-company prices are in compliance with arm's length principles under the OECD and appropriate governmental transfer pricing guidelines, and will provide contemporaneous documentation of such methodology to the Parties.

Clause 4. It is anticipated that Fjarðaál sf. will purchase carbon anodes from third parties. However, in the event that Fjarðaál sf. purchases carbon anodes from Alcoa or Alcoa Affiliates, the pricing for such purchases will be at the year's average third party price so long as such third party purchases account for at least 25% of the total purchased. If such purchases are below 25%, then such supply shall be concluded on the basis of an anode supply contract between Alcoa or Alcoa Affiliates and Fjarðaál sf. as follows:

a. The cost of such anodes shall be determined using pricing formula that allows for the recovery to Alcoa of all direct and indirect costs and a reasonable return on the Alcoa capital employed in the production of such anodes. Such pricing formula will be based upon a study conducted by a transfer-pricing expert familiar with the aluminum and carbon industry.

b. The anode pricing formula will be finalized and agreed upon between the Parties, as soon as practicable.

c. The Company's direct and indirect costs, upon which the anode transfer price will be based, shall be certified to the Government after the end of each year by an independent public accountant appointed by Alcoa having reasonable access to the books of the anode producer, to be used by the independent public accountant appointed pursuant to Section 5.3. of the Investment Agreement.

Clause 5. The Parties recognize that the premises of this Annex A are based on assumptions in effect as of the date of this Agreement and may

kunni að breytast fyrir umsaminn afhendingardag rafmagns eða eftir hann. Aðilar skuldbinda sig til þess að endurskoða viðauka þennan á fjögurra ára fresti, hið minnsta, eða öðru hverju eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Að lokinni slíkri endurskoðun kunna aðilar að koma sér saman um að breyta viðaukanum ef þörf krefur, en hvort sem af slíku verður eða ekki skulu öll önnur ákvæði fjárfestingarsamningsins halda fullu gildi.

change prior to the Permanent Delivery Date or thereafter. The Parties commit to review this Annex A no less than every four years, or from time to time, as facts and circumstances warrant. After such review, the Parties may agree to amend the Annex, if necessary, but in any event, all other provisions of the Investment Agreement shall remain in full force and effect.

Viðauki B við fjárfestingarsamninginn.

Sundurliðun á varanlegum rekstrarfjármunum verksmiðjunnar og fyrningartafla.

1. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem Fjarðaál sf. mun eignast í tengslum við byggingu verksmiðjunnar, verða byggingar og vélar og búnaður.

   Aðilar að fjárfestingarsamningnum hafa áætlað eftirfarandi hlutföll fyrir sérhvern flokk varanlegra rekstrarfjármuna til nota sem fyrningargrunn við álagningu skatta:

   Byggingar . . . . . .22% af heildarbyggingarkostnaði
   Vélar . . . . . .75% af heildarbyggingarkostnaði
   Áhöld og tæki . . . . . 3% af heildarbyggingarkostnaði

   Raunveruleg hlutföll ákvarðast af endanlegum byggingarkostnaði.

2. Innan sérhvers flokks framangreindra varanlegra rekstrarfjármuna skulu eftirfarandi fyrningarhlutföll gilda samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum:

Varanlegir rekstrarfjármunir	*Áætlað hlutfall byggingarkostnaði*	*Fyrningarhlutfall*		*Skv. 1. mgr. 38. gr. laga, lið nr.*
		Lágmark	*Hámark*	
		Byggingar		
Stjórnar- og starfsmannaaðstaða	3%	1%	3%	5.a
Vinnubúðir	1%	7,5%	10%	5.d
Aðrar byggingar	18%	3%	6%	5.b
		Vélar		
Vélbúnaður	69%	5%	15%	3
Rafbúnaður	6%	10%	20%	4.b
		Áhöld og tæki		
Ökutæki	2%	10%	20%	4.b
Önnur áhöld og tæki	1%	5%	15%	3

Annex B to the Investment Agreement

Breakdown of Plant Fixed Assets and Depreciation

1. Fixed assets acquired by Fjarðaál sf. relating to the erection of the Plant will consist of building and machinery and equipment.

   As a base for depreciation for tax purposes the Parties of the Investment Agreement have estimated the following proportions for each category of fixed assets:

   Buildings . . . . . 22% of total construction costs
   Machinery. . . . . 75% of total construction costs
   Equipment. . . . . 3% of total construction costs

   Actual proportions will be determined by final construction costs.

2. Within each category of the above mentioned fixed assets the following depreciation rates will apply according to Article 38 of Act. No. 75/1981 as amended:

Fixed assets	*Estimated Percentage of constr.costs*	*Depreciation rates Min.*	*Max.*	*Acc. to, Art 38 paragraph 1 subparagraph No:*
		Buildings		
Administration and Personnel facilities	3%	1%	3%	5.a
Construction camp	1%	7,5%	10%	5.d
Other buildings	18%	3%	6%	5.b
		Machinery		
Mechanical installation	69%	5%	15%	3
Electrical installation	6%	10%	20%	4.b
		Equipment		
Mobile equipment	2%	10%	20%	4.b
Other equipment	1%	5%	15%	3

Viðauki C við fjárfestingarsamninginn.

Lýsing á mannvirkjum.

Í þessum viðauka C við fjárfestingarsamninginn er að finna samandregna lýsingu á helstu mannvirkjum sem reist verða innan lóðarinnar og hafnarsvæðisins ásamt öðrum mikilvægum upplýsingum um þessi mannvirki sem lagðar eru til grundvallar við álagningu fasteignaskatts. Númer á mannvirkjum sem vísað er til í töflunum eru þau sömu og notuð eru í lóðarteikningunni frá Bechtel, dags. 21. ágúst 2002.

1. Mannvirki á lóðinni (heildarvirði 250.000.000 Bandaríkjadalir).

„Lóð" merkir landsvæði að Mjóeyri sem lýst er í 1. mgr. 2. greinar lóðarsamningsins sem samanstendur af landsspildum frá býlunum Sómastaðagerði, Sómastöðum og Hrauni, þar sem verksmiðjan verður staðsett, eins og nánar er skilgreint og merkt inn á lóðarkortið.

Tafla 1 lýsir helstu mannvirkjum á landi sem byggð verða innan marka lóðarinnar.

Tafla 1. Mannvirki sem byggð verða á lóðinni:

Númer mann-virkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
100	Almennur lóðarundirbúningur	Jöfnun lóðar, sprengivinna, uppgröftur, sléttun yfirborðs, lækjahjáveitur, heflun, akvegir, bílastæði, regnvatnslagnir, lokajöfnun, girðing og landslagsvinna fyrir verksmiðjuna.	879.549 m^2
310	Aðveitustöð	Tengivirki, afriðlar og yfirsveiflusíur	2.800 m^2
320	Kerskálar	Tveir kerskálar, heildarlengd 1.090,2 m	32.000 m^2
321	Kerskálar	Yfirbyggðir tengigangar milli bygginga	10.948 m^2
324	Bætt súrál - geymsla og meðhöndlun	Flúoríðblandað súrál. Fjögur síló	4 x 350 tonn
325	Mulið raflausnarefni - geymsla og meðhöndlun	Fjögur síló	4 x 125 tonn
326	Bætt súrál - geymsla og meðhöndlun	Flúoríðblandað súrál til að þekja raflausn í kerjum, fjórir geymar	4 x 35 tonn

Annex C to the Investment Agreement

Facility description

This Annex C to the Investment Agreement includes a summary description of the main facilities to be built within the Site and the Harbour Land as well as other significant data for these facilities used as the basis for the municipal property tax. The facility numbers referred to in the tables are the same as in the site plan by Bechtel, dated August 21, 2002.

1. **Facilities on the Site (Total value 250,000,000 USD).**

"Site" shall mean the area of land in Mjóeyri described in Section 2.1. of the Site Agreement and consisting of tracts of land from the farmland of Sómastaðagerði, Sómastaðir and Hraun on which the plant is to be located, as more particularly defined and outlined on the Site Map.

Table 1 describes the main land facilities to be built within the Site boundaries.

Table 1. Facilities to be built on the Site:

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
100	General Site Development	Site leveling, rock blasting, excavation, grading, stream diversion, finish grading, roads, parking lots, storm drainage, finish leveling, fencing and landscaping for plant.	879,549 m^2
310	Substation	Main switchyard, rectifiers and harmonic filters	2,800 m^2
320	Potline buildings	Two potline buildings, total length 1.090,2 m	32,000 m^2
321	Potline buildings	Covered passage ways between buildings	10,948 m^2
324	Fluorinated alumina storage and handling	Four bins	4 x 350 tonnes
325	Crushed bath storage and handling	Four bins	4 x 125 tonnes
326	Covering alumina - storage and handling	Four bins	4 x 35 tonnes

Númer mann-virkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
327	Tölvuver kerskála		1.500 m^2
328	Ferskt súrál - geymsla og meðhöndlun	Tvö síló við kerskála	2 x 750 tonn
330	Gasmeðhöndlun í kerskála	Tvær þurrhreinsieiningar og tveir 70 metra háir skorsteinar	
341	Þjónusta í kerskála	Skrifstofur, tölvuver og viðhaldsverkstæði	1.500 m^2
344	Bygging fyrir deigluhreinsun		2.480 m^2
345	Viðgerðarverkstæði kerþjónustubúnaðar	Viðhald kerþjónustubúnaðar	1.296 m^2
346	Viðhaldsverkstæði	Viðhaldsverkstæði fyrir helsta kerbúnað	1.386 m^2
349	Geymsla	Geymsla hættulegs úrgangs	250 m^2
440	Skautsmiðja	Samsetning bakskauta, blöndun og geymsla á raflausnarefnum, geymsla og meðhöndlun forbakaðra forskauta, endurvinnsla skautleifa	4.128 m^2
470	Vörubrettageymsla	Yfirbyggð geymsla fyrir skautgaffla með áföstum forskautum	5.555 m^2
500	Steypuskáli	Vatnskælikerfi, ofnasvæði, steypusvæði, málmgeymsla, sorakæling	12.000 m^2
600	Almenn þjónusta	Stjórnunar- og þjónustubygging, rannsóknastofa, heilsugæslustöð, aðalhliðvarsla, aðalvörugeymsla, eldsneytisstöð, skrifstofur fyrir viðhalds- og verkfræðiþjónustu, aðalviðhaldsverkstæði, farartækjageymsla og viðgerðarverkstæði	7.650 m^2
700	Veitustöðvar	Ýmis tengivirki fyrir rafmagn	3.020 m^2
752	Vatnskerfi til eldvarna	Tankar, dælur og dreifilagnir	640 m^2
753	Neysluvatnskerfi	Tankar, dælur og dreifilagnir	832 m^2
755	Geymsla og dreifing eldsneytis	Dælustöð til geymslu eldsneytisolíu (1.000 m^3), díselolíu (150 m^3) og bensíns (100 m^3)	

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
327	Potline computer room		1,500 m^2
328	Fresh alumina storage	Two bins	2 x 750 tonnes
330	Potline gas treatment	Two dry scrubbers and two 70 meter high stacks	
341	Potline services	Offices, computer room and maintenance shop	1,500 m^2
344	Crucible cleaning building		2,480 m^2
345	PTM repair building	Pot Tending Machine maintenance	1,296 m^2
346	Maintenance shop	Potline major equipment maintenance shop	1,386 m^2
349	Storage	Storage of hazardous or dangerous waste	250 m^2
440	Rodding shop	Cathode assembly, bath processing and storage, baked anode storage and handling, anode butt recycling	4,128 m^2
470	Pallet storage	Covered storage for rodded anodes.	5,555 m^2
500	Casthouse	Cooling water system, furnace area, casting area, product storage, dross cooling	12,000 m^2
600	General services	Administration and services building, laboratory, medical and health center, main gatehouse, plant warehouse, fuel dispensing, maintenance and engineering offices, central maintenance shop, mobile equipment storage and repair	7,650 m^2
700	Yard Utilities	Various electrical substations	3,020 m^2
752	Fire Water System	Tankage, pumps and distribution piping	640 m^2
753	Potable Water system	Tankage, pumps and distribution piping.	832 m^2
755	Fuel storage and distribution	Tank farm for fuel oil storage (1.000 m^3), diesel fuel storage (150 m^3) and gasoline storage (100 m^3)	

Númer mann-virkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
757	Þrýstiloftskerfi		616 m^2
760	Iðnaðarvatnskerfi	Vatnsdælustöð til áfyllingar á kælikerfi fyrir málmsteypu og loftþrýstibúnað	830 m^2
763	Fráveitu- og hreinlætiskerfi	Skolphreinsunarstöð	
764	Vatnsþró	Vatn úr regnvatnslögnum	19.200 m^2
766	Eimunarbúnaður	Svæði fyrir eimunarbúnað	800 m^3
767	Meðhöndlun regnvatns	Dælur, tankar, hreinsibúnaður o.s.frv.	
800	Meðhöndlun og geymsla hráefna	Geymsla og meðhöndlun súráls, tvö 60.000 m^3 geymslusíló og geymsla og meðhöndlun álflúoríðs, fjórir geymslutankar, 80 tonn hver	2 x 60.000 m^3 4 x 80 tonn

2. Mannvirki á hafnarsvæðinu (Heildarvirði 5.000.000 Bandaríkjadalir).

„Hafnarsvæðið“ merkir landsvæðið að Mjóeyri í Reyðarfirði þar sem höfnin verður staðsett, svo sem nánar er skilgreint og merkt inn á lóðarkortið.

Tafla 2 lýsir helstu mannvirkjum við höfnina sem byggð verða innan marka hafnarsvæðisins.

Tafla 2. Mannvirki sem byggð verða á hafnarsvæðinu.

Númer mannvirkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
210	Móttaka og meðhöndlun súráls	Sogdælulöndunar-búnaður, flutnings-búnaður og færibönd, þ.m.t. kranabrautir og undirstöður	1.000 tonn á klst.
220	Olíumóttökustöð	Dælustöð til að taka við eldsneytisolíu	400 m^2
250	Móttaka og meðhöndlun ýmissa efna	Birgðageymslur, skrifstofur, geymslusvæði undir beru lofti	17.000 m^2
270	Hliðvörslubygg-ing og slökkvi-stöð		630 m^2
275	Vigt fyrir flutningabíla		60.000 kg
285	Tengivirki á uppskipunar-svæði fyrir súrál		384 m^2

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
757	Compressed Air System		616 m^2
760	Process Water System	Pump station for makeup water to Casthouse and air compressor cooling system	830 m^2
763	Sewage and sanitary System	Sewage Treatment Plant	
764	Retention Pond	Water from the storm drains	19,200 m^2
766	Evaporator	Evaporator Feed Tank,	300 m^3
767	Storm Water Treatment	Includes pumps, tanks, filter, clarifier, filter press etc.	
800	Raw Materials Handling and Storage	Alumina storage and handling, two 60.000 m^3 storage bins, and aluminum fluoride storage and handling, four bins at 80 tonnes each	2 x 60,000 m^3 4 x 80 tonnes

2. **Facilities on the Harbour Area. (Total value 5,000,000 USD).**

"Harbour Area" shall mean the area of land at Mjóeyri in Reyðarfjörður on which the harbour will be located as more particularly defined and outlined on the Site Map.

Table 2 describes the main harbour facilities to be built within the Harbour Area boundaries.

Table 2. Facilities to be built on the Harbour Area.

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
210	Alumina receiving and handling	Suction unloader, transfer conveyor and belt conveyor including cranerails and foundations	1,000 tph
220	Oil receiving station	pump station for receiving fuel oil	400 m^2
250	General Materials, receiving and handling	Warehouses, offices, open air storage area	17,000 m^2
270	Port gate house and fire station		630 m^2
275	Truck scale		60,000 kg
285	Alumina unloading area substation		384 m^2